

Tilmæli	34/2024
Tillaga	A 1950/UHN
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 34/2024 um norrænt samstarf um líffræðilega fjölbreytni og náttúruvernd (A 1950/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 34/2024 til greina og bíði *pólítíks samráðs* hvað varðar norrænt samstarf um líffræðilega fjölbreytni og náttúruvernd.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að samhæfa og auka starfsemi Norðurlanda á sviði náttúruverndar og endurheimtar vistkerfa og byggingu vistbrúa með það fyrir augum að verja betur lífsskilyrði fartegunda og leiða í ljós afleiðingar loftslagsbreytinga í því tilliti, og
- að koma upp vöktunarkerfi til að fylgjast með áhrifunum sem loftslagsbreytingar hafa á fartegundir.

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar Norðurlandaráði fyrir tilmælin um að styrkja norrænt samstarf um líffræðilega fjölbreytni og náttúruvernd með sérstakri áherslu á skilyrði fartegunda.

Eins og fram kemur í nefndaráliti um tillöguna svaraði Svíþjóð árið 2024 fyrir hönd Norðurlanda fyrirspurn E10 um samstarf og innleiðingu verndarráðstafana fyrir fartegundir og um landsáætlanir fyrir fartegundir. Í svarinu er gerð grein fyrir þeim svæðisbundnu og alþjóðlegu vettvöngum og samningum sem nú móta starf norrænu landanna á sviði náttúruverndar sem sérstaklega varðar fartegundir. Í svari við fyrirspurn E10 er einnig vikið að hinum nýja náttúrusamningi (CBD/Kunming-Montreal) sem hefur það markmið að stöðva og snúa við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og efla verndun óspilltrar náttúru



Þetta markmið hefur umhverfis- og loftslagssvið (MK) Norrænu ráðherranefndarinnar gert að pólitísku forgangsmáli í nýrri samstarfsáætlun sviðsins fyrir tímabilið 2025–2030, þar sem eitt af þremur meginmarkmiðum er:

Markmið 2: Norðurlönd hafa snúið við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni með því að efla og þróa samstarf við aðila úr atvinnulífinu, borgarasamfélaginu og fræðasamfélaginu

Markmið 2 er með eftirfarandi undirmarkmið:

Undirmarkmið 2.1: Við leggjum okkar af mörkum til metnaðarfullrar framkvæmdar Kunming-Montréal-samningsins og styðjum við þróun vinnu annarra landa, meðal annars með því að sýna hvernig unnt er að vernda líffræðilega fjölbreytni í samspili við félagslega og efnahagslega þróun.

Og:

Undirmarkmið 2.4: Við styðjum náttúrumiðaðar og aðrar nýskapandi lausnir til þess að mæta áskorunum í tengslum við líffræðilega fjölbreytni, loftslagsmál og mengun.

Ofangreind markmið og undirmarkmið eru þungamiðjan í áframhaldandi þróun og væntanlegri kynningu á nýrri náttúruáætlun fyrir árin 2025–2027 þar sem áhersla er á sameiginlegt norrænt samstarf um innleiðingu markmiða hins nýju náttúrusamnings og eflingu náttúrumiðaðra lausna, bæði á svæðinu í heild, á landsvísu og á hverjum stað fyrir sig. Í drögum að áætluninni er að finna eftirfarandi áherslusvið sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir eflingu aðgerða sem tengjast fartegundum:

1. Bætt áætlanagerð og stjórnun sjálfbærra landsvæða með náttúrumiðuðum lausnum sem styðja við líffræðilega fjölbreytni og aðlögun að loftslagsbreytingum.
2. Uppbygging grænna leiða og bættra tenginga á milli náttúrusvæða, sem eflir viðnámsprótt og virkni vistkerfa.
3. Að hvetja til samþættrar nálgunar að sjálfbærri þróun með því að þróa tillögur og verkfæri til að samþætta sjónarmið um líffræðilega fjölbreytni og menningarlandslag í geirum á borð við orkumál, skógrækt, landbúnað og sjávarútveg.
4. Endurheimt náttúrusvæða: Endurreisn náttúrulegra vistkerfa til að auka kolefnisbindingu, vatnsgæði og líffræðilega fjölbreytni.
5. Aukið samstarf um sjálfbæra landnotkun, vistkerfismiðaða skipulagsgerð og samstarf við atvinnulífið, borgarasamfélagið og fræðasamfélagið.



6. Að styðja við samstarf gegn ágengum framandi tegundum í norrænu löndunum.
7. Að þróa jákvæða hvata og efla fjármögnunarmöguleika varðandi líffræðilega fjölbreytni.
8. Miðlun á reynslu af vöktun og umsjón með ábyrgðartegundum.

Við áframhaldandi þróun, aðlögun og samþykkt náttúruáætlunarinnar mun skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar, í samráði við embættismannanefndina um umhverfis- og loftslagsmál (EK-MK) og umsjónaraðila áætlunarinnar, kanna möguleika á áframhaldandi og, eftir atvikum, aukinni áherslu á sérstakar aðstæður fartegunda.

*Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.*

Fylgiskjal: Svar frá Svíþjóð við fyrirspurn E10 frá 2023.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin tók svarið við tilmælunum fyrir í fyrsta sinn á fundi sínum 16. september 2025. Norrænu frelsi og flokkahópi miðjumanna þótti svarið við tilmælunum vera ófullnægjandi, meira væri hægt að gera í málinu.

Nefndin féllst því á að samþykkja nefndarálitið um svar við tilmælum 34/2024 með þeirri ákvörðun að bíða pólitísku samráðs og sameina það pólitísku samráði um svar við tilmælum 35/2024. Markmiðið er að ræða framkvæmd aðgerða yfir landamæri til að takast á við fartegundir og ágengar tegundir og beina gagnsemi af þeim, auk þess að kortleggja norrænar áætlanir á sviðinu.

Ósló, 16. september 2025

*Tove Elise Madland (A)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Åsa Karlsson (S)*  
*Ola Elvestuen (V)*  
*Rebecka Le Moine (MP)*  
*Halla Hrund Logadóttir (Frfl)*  
*Krista Mikkonen (grænum)*

*Jón Gunnarsson (Sjfl.)*  
*Lene Westgaard-Halle (H)*  
*Martin Paasi (saml)*  
*Juho Eerola (saf)*  
*Staffan Eklöf (SD)*  
*Lotta Johnsson Fornarve*  
*Marius Aron Nilsen (FrP)*